



# Starfsáætlun Urriðaholtsskóla

Skólaárið 2024-2025

Garðabæ, september 2024



**EFNISYFIRLIT**

Efnisyfirlit.....	2
Inngangur .....	5
Hagnýtar upplýsingar .....	6
Skrifstofuþjónusta.....	6
Aðkoma að skólalóð og byggingu .....	6
Ástundun nemenda .....	7
Leyfi frá skóla .....	8
Öryggi nemenda .....	8
Mötuneyti .....	8
Óskilamunir.....	9
Stjórnun skólans og starfsfólk .....	10
Skipurit Urriðaholtsskóla .....	10
Nefndir og ráð.....	10
Skólaráð.....	11
Foreldrafélag: .....	11
Öryggis- og áfallaráð og öryggistrúnaðarmenn: .....	12
Félagslegir trúnaðarmenn:.....	12
Forvarnarráð .....	12
Starfsfólk.....	12
Stöðugildi og samsetning starfsmanna .....	12
Starfsfólk Urriðaholtsskóla í október 2023 .....	13
Skólaárið og skóladagatal.....	17
Sérstakir dagar .....	17
Skóladagur nemenda .....	18
Skólabragur.....	20
Nemendur .....	20
Nemendafélag .....	21
Félags- og tómstundastarf.....	21
Frístund - Urriðakot .....	21
Foreldrar.....	23

Miðlun upplýsinga til foreldra .....	23
Foreldra- og nemendasamtöl .....	23
Tilhögun kennslu .....	25
Kennsluhættir og skólaþróun .....	25
Teymiskennsla .....	25
Námsmat.....	26
Leikskólastig .....	26
Grunnskólastig .....	26
Heimanám.....	27
Vettvangsferðir .....	28
Útfærsla viðmiðunarstundaskrár grunnskólastigs .....	28
Námsvísar – kennsluáætlanir .....	29
Samstarf leik- og grunnskóla .....	30
Stoðþjónusta - sérfræðiþjónusta .....	31
Nemendavernd .....	31
Námsráðgjöf .....	31
Sérkennsla.....	32
Sálfræðiþjónusta.....	32
Talkennsla .....	33
Skólaheilsugæsla.....	33
Túlkajónusta .....	33
Mat á skólastarfi og skólaþróun .....	34
Innra og ytra mat .....	34
Áætlun um innra mat til 2025 .....	34
Matsþáttur: Uppeldis- og menntastarf .....	34
Matsþáttur: Mannauður .....	35
Matsþáttur: Stjórnun .....	35
Matssteymi.....	35
Tímalína áætlunar 2024-2025 viðfangsefni leikskólastigs.....	36
Viðfangsefni beggja skólastiga.....	37
Viðfangsefni grunnskólastigs .....	38

---

Umbótateymi.....	38
Úrbótaáætlun 2022-2024 – enn í gangi.....	38
Þróunarstarf og símenntun .....	41
Langtíma starfs- og skólaþróun .....	41
staða skólaþróunar og framhaldið .....	42
Áætlanir um öryggi og velferð.....	44
Uppbygging.....	45

## INNGANGUR

Samkvæmt 14. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og 29 gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 ber hverjum skóla að gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð þeirra og skal semja þær í samráði við kennara og starfsfólk. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá skóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu skóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega.

Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaaleyfis, páskaleyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Þar skal birta upplýsingar um starfsmannahóp skólans, stjórnkerfi, mögulegan stuðning fyrir nemendur af ýmsu tagi og almennar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers skólaárs. Starfsáætlun skóla skal árlega lögð fyrir skólanefnd til staðfestingar, sem staðfestir gildistöku hennar þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitastjórnar um fyrirkomulag skólahalds. Hér birtist starfsáætlun Urriðaholtsskóla sem er samrekinn leik- og grunnskóli, fyrir skólaárið 2024-2025. Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á vef skólans <http://urridaholtsskoli.is>.



## HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

Urriðaholtsskóli, Vínatræti 1-3 í Garðabæ. Símanúmer skólans: 591-9500. Beinn sími frístundar eftir kl. 13:00, 591-9560

Skólastjóri: Þorgerður Anna Arnardóttir

Aðstoðarskólastjóri leikskólastigs: Þórey Huld Jónsdóttir

Aðstoðarskólastjóri grunnskólastigs: Una Guðrún Einarsdóttir

Sérkennslustjóri: Guðbjörg Vilhjálmsdóttir

Deildarstjórar: Guðrún Þorsteinsdóttir yngsta stigs, Jónína Klara Pétursdóttir mið og unglíngastigs

Húsvörður: Sigurjón Sigurðsson

Umsjónarmaður Urriðakots, frístundaheimilis Urriðaholtsskóla: Íris Ósk Ingadóttir

Forstöðumaður Urra, félagsmiðstöðvar Urriðaholtsskóla: Ragnhildur Jónasdóttir

Netfang: [urridaholtsskoli@urridaholtsskoli.is](mailto:urridaholtsskoli@urridaholtsskoli.is)

Vefsíða: <http://urridaholtsskoli.is>

## SKRIFSTOFUÞJÓNUSTA

Skrifstofa skólans er opin frá kl. 8:00-15:30 mánudaga til fimmtudag og til 14:30 á föstudögum. Skrifstofustjóri: Þóra Björg Hallgrímsdóttir.

Öll eyðublið skólans má nálgast á heimasíðu skólans og hjá skrifstofustjóra.

## AÐKOMA AÐ SKÓLALÓÐ OG BYGGINGU

Urriðaholtsskóli er staðsettur við Vínatræti 1-3 í Garðabæ. Urriðaholt er nýtt hverfi í mikilli uppbyggingu. Gönguleiðir í hverfinu eru í mótun en gert er ráð fyrir að gönguleiðir verði öruggar fyrir nemendur og foreldra að skólanum þegar uppbyggingu hverfisins lýkur. Fullbúin bílastæði eru fyrir framan skólann, en búið er að koma færanlegum kennslustofum fyrir á bílastæðinu fyrir aftan skólabygginguna. Ef barni er ekið í skólann er mikilvægt að gæta varúðar þegar því er hleypt út úr bílnum og að bílum sé lagt í stæði ef foreldrar fylgja barni inn á heimasvæði. **Hringtorg við aðalinngang er ekki bílastæði, hringtorg við aðalinngang er sleppistæði sem og strætóstoppistöð við Urriðaholtsstræti.**

Á þessu skólaári er skólahúsnæði í aðalbyggingu skólans og sem og í færanlegum kennslustofum á baklóð. Leikskólastig telur 9 deildir með fjórum árgöngum og nýta 5 ára deildir hluta af rými grunnskólastigs. Þá er 3. bekkur með heimasvæði á jarðhæð ásamt leikskólastigi en list- og verkgreinar og bókasafn eru einnig á þeirri hæð. Á annarri hæð skólans eru 1. og 2. bekkur, 4.-10. bekkur sem og stoðþjónusta skólans. Á fyrstu hæð hefur

Tónlistarskóli Garðabæjar aðstöðu, Frístundaheimiliði Urriðakot sem og Félagsmiðstöðin Urriði.

Framkvæmdarsvæði vegna nýbyggingar íþróttaaðstöðu skólans hefur verið girt af sunnan og vestan megin við skólalóð grunnskólastigs.

#### ÁSTUNDUN NEMENDA

Góð ástundun er lykill að virkri þátttöku og góðri líðan barna í skólastarfinu. Tvö kerfi halda utan um ástundun nemenda, á leikskólastigi er það Vala en á grunnskólastigi Mentor. Hvort kerfi um sig er með smáforrit/app til að hlaða niður í snjalltæki þar sem foreldrar geta m.a. skráð forföll barna sinna.

Forráðamenn tilkynna forföll nemenda fyrir upphaf skóladags á skrifstofu skólans í síma 591-9500, skrá sjálfir í Mentor/Völu eða senda á netfangið [urridaholtsskoli@urridaholtsskoli.is](mailto:urridaholtsskoli@urridaholtsskoli.is). Einnig geta forráðamenn skráð skýringar á fjarveru í kerfin. Þegar barn kemur í skóla að nýju eftir veikindi er gert ráð fyrir að það geti tekið þátt í öllu skólastarfi, þar á meðal útiveru og frímínútum og á þetta við um bæði skólastig.

Á grunnskólastigi er skólaskylda og í skólasamfélagi Garðabæjar er búið að vinna að sameiginlegum ramma er varðar skólasókn barna. Mánaðarleg greining er á forföllum barna á grunnskólastigi, önnur en langtímaveikindi.

Ósamfelldar fjarvistir	Veikindi / leyfi
<b>2-7 fjarvistir</b> Umsjónarkennari ræðir við nemanda og aðstandendur hans.	<b>10 dagar eða fleiri</b> Umsjónarkennari hefur samband við aðstandendur. Áætlun um námsframvindu unnin í sameiningu.
<b>8-14 fjarvistir</b> Fundur með umsjónarkennara, nemanda, aðstandendum og skólastjórnanda ef ástæða þykir til.	<b>15 dagar eða fleiri</b> Umsjónarkennari upplýsir skólastjórnendur um stöðu mála, hefur samband við aðstandendur og gerir áætlun um námsframvindu.
<b>15-20 fjarvistir</b> Málinu vísað til umræðu í nemendaverndarráði.	<b>20 dagar eða fleiri</b> Skólastjórnandi boðar aðstandendur til fundar og vísar málinu til umfjöllunar í nemendaverndarráði.
<b>21 eða fleiri fjarvistir</b> Tilkynning send til barnaverndar sem boðar til fundar með viðeigandi aðilum.	<b>Engin breyting til batnaðar á skólasókn</b> Tilkynning send til barnaverndar sem boðar til fundar með viðeigandi aðilum.

Skólanum er heimilt að óska eftir vottorði læknis vegna veikinda hvenær sem er í ferlinu.

## LEYFI FRÁ SKÓLA

Ef grunnskólanemandi þarf að fá leyfi frá skóla skal haft samband við umsjónarkennara. Sé um lengri tíma en tvo daga að ræða, skal sækja um það til skólastjórnenda. Sótt er um leyfi í gegnum Mentor og samþykki sent þegar búið er að fara yfir leyfisbeiðnina. Það er á ábyrgð foreldra/forráðamanna að sjá til þess að grunnskólanemendur vinni upp það námsefni sem þeir missa af í lengra leyfi.

Foreldrar leikskólanemenda láta deildarstjóra vita ef barn er í leyfi og hversu lengi leyfið varir yfir veturinn. Leikskólastig er opið allt sumarið en börn skulu taka fjögurra vikna samfelldt sumarleyfi. Leikskólastig er lokað í Dymbilviku (páskafri) í þrjá daga sem og fyrsta virkan dag í janúar. Leikskólagjöld falla niður þessa daga. Einnig er hægt að sækja um niðurfellingu gjalda ef barn er í fríi á eftirfarandi tímabilum:

- Valfrjálsar frívíkur 1-2 vikur – að lágmarki 5 samfelldir dagar.
- Vetrarfrí – 4 samfelldir dagar.
- Jólafrí – virkir dagar milli jóla- og nýárs.

## ÖRYGGI NEMENDA

Þegar vá steðjar að vegna utanaðkomandi þátta s.s. veikindafaraldra, óveðurs eða náttúruhamfara er unnið samkvæmt áætlun Almannaþingis ríkisins. Áætlunin er kynnt reglulega og er aðgengileg á vef skólans undir Skólinn / Áætlanir á slóðinni <http://urridaholtsskoli.is/Upplýsingar/Aetlanir>. Aðrar áætlanir má einnig finna á vef skólans.

## MÖTUNEYTI

Garðabær hefur gert samning við *Matartímamann* sem sér um framleiðslu og framreiðslu á mat fyrir nemendur og starfsfólk. Grunnskólanemendur geta verið í áskrift alla daga vikunnar eða valda daga, sótt er um mataráskrift á vef Matartímans [www.matartiminn.is](http://www.matartiminn.is) en áskrift er



gjaldfrjáls. Nemendur skammta sér sjálfir eftir að hafa slegið lykilorð í tölvu. Allir leikskólanemendur borða saman á sínum deildum og kennarar borða með þeim. Á grunnskólastigi er borðað í hátíðarsal skólans. Þeir grunnskólanemendur sem koma með nesti að heiman hafa aðgang að örbylgjuofni og brauðgrilli. Nánari upplýsingar um matseðla o.fl. er að finna á [www.matartiminn.is](http://www.matartiminn.is) en matseðillinn er einnig settur inn á heimasíðu skólans. Ef barn er með óþol eða ofnæmi þarf að senda læknisvottorð á [matartiminn@matartiminn.is](mailto:matartiminn@matartiminn.is) og afrit á skrifstofu skólans [urridaholtsskoli@urridaholtsskoli.is](mailto:urridaholtsskoli@urridaholtsskoli.is). Matartímamann er

með sérhæft eldhús fyrir sérfæði. Athugið að endurnýja þarf vottorð í upphafi hvers skólaárs og ávallt skal tilkynna sérstaklega ef barn er með bráðaofnæmi.

Starfsfólks frístundar Urriðakots sér um síðdegishressingu í frístundastarfi eftir að grunnskóladegi lýkur og þarf starfsfólk frístundar einnig að vera með yfirlit yfir upplýsingar um óþol, ofnæmi og bráðaofnæmi. Urriðakot kaupir síðdegishressingu af Matartímanum og er reynt að hafa samræmi á milli leikskólastigs og frístunda með hressinguna.

Öll grunnskólabörn koma með morgunhressingu og mælst er til að það séu ávextir, grænmeti eða annað hollt nesti. Þau börn sem koma með hádegisnesti að heiman þurfa að vera með nesti sem tilbúið til að borða. Nesti á að vera hollt, næringarríkt og umbúðalaust (ef umbúðir koma í skólann eru þær sendar til baka heim). Ekki er í boði að koma með sætabrauð, sælgæti, orkustangir, gosdrykki eða orkudrykki í nesti. Hjá [Embætti landlæknis](#) má finna góðar upplýsingar um næringu barna og ungmenna og meðal annars ráðleggingar um [grunnskólanesti](#).

**Vakin er athygli á því að Urriðaholtsskóli er hnetulaus skóli.**

#### ÓSKILAMUNIR


Húsvörður og skólaliðar halda utan um óskilamuni á grunnskólastigi, en hvert svæði á leikskólastigi eins og hægt er. Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til að merkja allan fatnað og muni sem koma í skólann til að draga úr magni óskilamuna. Óskilamunir sem ekki eru sóttir fyrir júnílok ár hvert eru gefnir hjálparstofnunum eða notaðir sem aukaföt á leikskólastigi.

Börn á leikskólastigi koma með fatnað fyrir vikuna á mánudegi og á föstudegi skal tæma hólfið þeirra. Grunnskólabörn koma í skólann hvern dag eins og hentar miðað við veður og vinda, ekki er gert ráð fyrir aukafötum eða skóm hjá grunnskólanemendum.



STJÓRNUN SKÓLANS OG STARFSFÓLK

SKIPURIT URRIÐAHOLTSSKÓLA



Skólastjóri ber ábyrgð á öllu skólastarfi Urriðaholtsskóla, bæði á leik- og grunnskólastigi. Aðstoðarskólastjórar eru staðgenglar skólastjóra á sitt hvoru skólastigi og fara með mannaforráð.

NEFNDIR OG RÁÐ

Við grunnskóla skal starfa skólaráð (skv. lögum nr. 91/2008, 8. gr.) og við leikskóla skal starfa foreldraráð (skv. lögum nr. 90/2008, 11. gr.), sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endaleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd, sbr. 6. gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar. Í samreknum leik- og grunnskóla er heimilt að hafa sameiginlegt skólaráð/foreldraráð. Á aðalfundi foreldrafélags ár hvert er kosið í stjórn foreldrafélags sem og fulltrúa í skólaráð og Grunnstoð Garðabæjar.

Skólaráð er alla jafna skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, fulltrúum kennara af hverju skólastigi (leikskólastigi, yngsta stigi, miðstigi og unglingsstigi), ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa

grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári.

---

#### SKÓLARÁÐ

Skólaráð er skipað eftirfarandi einstaklingum:

Þorgerður Anna Arnardóttir, skólastjóri

Fulltrúar skólastiga:

- Íris Ósk Ingaadóttir, annað starfsfólk
- Sigrílin Sæunn Sæmundsdóttir fyrir leikskólastig
- Felix Exequiel Woelflin, grunnskólastig

Fulltrúar foreldra:

- Heiðís Rut Hreinsdóttir // foreldri barns á leikskólastigi
- Sigríður Rún Siggeirsdóttir // foreldri barna á grunnskólastigi
- Guðlaug Hrönn Jóhannsdóttir // foreldri barns á grunnskólastigi

Fyrir hönd grenndarsamfélags:

- Þorvaldur Þorsteinsson.

Auk þeirra sitja aðstoðarskólastjórar leik- og grunnskólastigs fundi og rita fundargerðir.

---

#### FORELDRAFÉLAG:

Markmið foreldrafélaga er að efla samstarf heimila og skóla þannig að það leiði af sér öflugra skólastarf með menntun, heill og hamingju nemenda að leiðarljósi. Einnig á það að vera samstarfsvettvangur foreldra sem uppalenda. Foreldrafélag Urriðaholtsskóla var stofnað haustið 2018 og hefur það síðan stutt þétt við starf skólans. Aðalfundur félagsins er haldinn að hausti ár hvert með hefðbundinni aðalfundardagskrá. Upplýsingar um heimasvæðafulltrúa og fundargerðir foreldrafélagsins er að finna á vef skólans sem og lög félagsins. Á aðalfundi foreldrafélags Urriðaholtsskóla í **október 2022** voru eftirtaldir kjörnir í stjórn foreldrafélagsins og til annarra trúnaðarstarfa:

Stjórn foreldrafélagsins:

- Heiðís Rut Hreinsdóttir // foreldri barns á leikskólastigi
- María Lind Jónsdóttir // foreldri barns á leikskólastigi

- Inga Hrund Magnúsdóttir // foreldri barna á leikskólastigi og grunnskólastigi
- Ari Freyr Valdimarsson // foreldri barna á grunnskólastigi
- Lára Björk Bragadóttir // foreldri barna á grunnskólastigi
- Linda Hrönn Karlsdóttir Schiöth // foreldri barna á grunnskólastigi

Fulltrúi í Grunnstoð Garðabæjar eru:

- Guðlaug Hrönn Jóhannsdóttir og Vera Rut Ragnarsdóttir.

Starfsáætlun foreldrafélags þetta skólaár er í vinnslu en aðalfundur mun fara fram í október. Kosnir eru árgangfulltrúar ár hvert og hægt er að finna upplýsingar um þá á heimasíðu skólans. Unnið var með nýjan samskiptasáttmála Garðabæjar í öllum árgöngum á haustfundum í september þar sem upplýst var um skilgreiningu á hlutverki heimasvæðafulltrúa skv. Heimili og skóla og sameiginlegur sáttmáli undirritaður. Grunnstoð, regnhlífisamtök grunnskóla Garðabæjar eru að endurvekja foreldrarólt í öllum hverfum sveitarfélagsins.

#### ÖRYGGIS- OG ÁFALLARÁÐ OG ÖRYGGISTRÚNAÐARMENN:

Póra Björg Hallgrímsdóttir og Sigurjón Sigurðsson eru öryggisverðir skólans, Jónína Klara Pétursdóttir eru öryggistrúnaðarmaður á grunnskólastigi og Helena Dögg Olgeirsdóttir á leikskólastigi. Auk þess sitja í öryggisráði skólastjórnendur skólans, en öryggisráð er einnig áfallaráð skólans.

#### FÉLAGSLEGIR TRÚNAÐARMENN:

Fulltrúi fyrir STAG er Elísabet Jónsdóttir, fyrir FL er Þorgerður Kristín Guðmundsdóttir og Hanna Ósk Helgadóttir er fulltrúi FG.

#### FORVARNARRÁÐ

Í forvarnarráði sitja þetta skólaár, Steiney Snorradóttir, Hanna Ósk Helgadóttir, Íris Ósk Ingadóttir, Þorgerður Kristín Guðmundsdóttir og Dagbjört Ína Guðjónsdóttir. Forvarnarráð skipuleggur m.a. forvarnaviku sem haldin er í Garðabæ, hinsegin viku á vorönn, ásamt því að koma að málum sem kunna að vera á baugi hverju sinni og í umræðunni.

#### STARFSFÓLK

Þegar starfsáætlun var unnin voru 159 einstaklingar starfandi við skólann í rúmlega 114 stöðugildum. Samsetning starfsfólks var eftirfarandi:

#### STÖÐUGILDI OG SAMSETNING STARFSMANNA

8	<b>8 deildarstjórar leikskólastigs:</b> 4 kennarar, 2 lokið leikskólaliðanámi, 1 leikskólaleiðbeinandi, 1 önnur háskólamenntun og eru tveir að hefja nám í leikskólakennarafræðum á Menntavísindasviði HÍ
27	<b>Annað starfsfólk á leikskólastigi</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• 6 kennarar í 4,9 stöðugildum</li> <li>• 37 leikskólaleiðbeinendur í 27 stöðugildum, þar af einn í grunnnámi í leikskólakennarafræðum (aðstoðarleikskólakennari) og 18 sem hafa lokið stúdentsprófi</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>10 háskólamenntaðir leiðbeinendur í, þar af 2 í kennaranámi, 1 með erlend kennararéttindi</li> </ul>
20,9	<b>Stoðþjónusta leik- og grunnskólastigs</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Deildarstjóri stoðþjónustu sinnir báðum skólastigum</li> <li>Skólafélagsfræðingur á grunnskólastigi og námsráðgjafi í hálfu starfi</li> <li>Sérkennslustjóri á leikskólastigi sem er iðjuþjálfari og leikskólakennari</li> <li>1,9 sérkennari á leikskólastigi</li> <li>5 yfirproskapþjálfar, 3 á leikskólastigi, 2 á grunnskólastigi</li> <li>2,8 sérkennarar á grunnskólastigi</li> <li>1 sérkennari sinnir nýbúakennslu</li> <li>4 leikskólaleiðbeinendur sinna stuðningi</li> <li>3,7 stöðugildi atferliþjálfara á leik- og grunnskólastigi</li> </ul>
2	11 leikskólaleiðbeinendur á skilavakt og í afleysingum og hafa verið hjá okkur í sumarstarfi. Samtals telur þetta um 2 stöðugildi
7,2	<b>Frístundaheimilið Urriðakot</b> Umsjónarmaður og aðstoðarumsjónarmaður hvor um sig í fullu starfi en aðstoðarumsjónarmaður sinni einnig ákveðnum verkefnum á skólatíma 19 starfsmenn starfa í frístund í 12-50% stöðugildum, þar með talinn stuðningur ákveðinna barna.
27,6	<b>Grunnskólastig</b> 21 kennarar á grunnskólastigi í 20,6 stöðugildum, 7 leiðbeinendur á grunnskólastigi. Allir í réttindanámi og sinna umsjónarkennslu. Þrír kennarar kenna skólaþróttir.
9,5	<b>Önnur störf á grunnskólastigi</b> 3 stundakennarar í forföllum. 15 stuðningsfulltrúar í +/- 65% starfshlutfalli og starfa ýmist bara á kennslutíma eða einnig í frístund (búið að telja frístundahlutann í þeim dálki).
7	<b>Stjórnun</b> Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri leikskólastigs, aðstoðarskólastjóri grunnskólastigs, deildarstjóri stoðþjónustu, deildarstjórar yngsta stigs og mið- og unglíngastigs, skrifstofustjóri
4,75	<b>Önnur störf</b> 4 skólalíðar í 3,75 stöðuhlutföllum og húsvörður í heilli stöðu. 1 matráður á kaffistofu starfsfólks og aðstoðar með nónhressingu í frístund

**STARFSFÓLK URRIÐAHOLTSSKÓLA Í OKTÓBER 2023**

Nafn	Starfsheiti
Adam Óttarsson	Stuðningsfulltrúi
Agnes Ólóf Pétursdóttir	Deildarstjóri í leikskóla
Agnieszka Kolowrocka	Deildarstjóri í leikskóla
Alma Rún Guðfinnsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Andriana Alexandropoulou	Leiðbeinandi í leikskóla
Aníta Sif Örvarsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Anna María Kristmundsdóttir	Stundakennari
Anna Tsilevych	Háskólamenntaður starfsmaður í leikskóla
Anni Shi	Stuðningsfulltrúi
Anton Helgi Hannesson	Umsjónarkennari
Arite Fricke	Grunnskólakennari
Arna Guðjónsdóttir	Leiðbeinandi í leikskóla
Atla Hrafney Önnudóttir	Stuðningsfulltrúi

Axel Örn Heimisson	Leiðbeinandi í leikskóla
Ásdís Halla Sigríðardóttir	Sérkennari ÍSAT
Ásdís Heiðarsdóttir	Umsjónarkennari
Ásta Katrín Viggósdóttir	Leiðbeinandi í leikskóla
Ásta Kristín Ingólfssdóttir	Grunnskólakennari
Ásta Ólafsdóttir	Stundakennari
Ásthildur Svana Traustadóttir	Leiðbeinandi leikskóla með stuðning
Barbara Bestak	Leiðbeinandi í leikskóla
Birna Björk Sigursteinsdóttir	Leiðbeinandi í leikskóla
Björg Þórunn Gunnarsdóttir	Leiðbeinandi í leikskóla
Björk Ólafsdóttir	Stundakennari
Bryndís Ósk Birgisdóttir	Sérfræðingur/Velferð
Cecilia Graciela Duif	Háskólamenntaður starfsmaður
Dagbjört Ina Guðjónsdóttir	Deildarstjóri í leikskóla
Dagmar S Hallgrímsdóttir	Leiðbeinandi í leikskóla
Dagný Guðmundsdóttir Thorlacius	Leiðbeinandi í leikskóla
Dagur Ingi Viðarsson	Leiðbeinandi í leikskóla
Diana Nikolaeva Sergeeva	Leiðbeinandi í leikskóla
Diljá Dröfn Jóhannesdóttir	Leiðbeinandi í leikskóla
Dorota Grazyna Mrozewska	Matráður
Elena Trufan	Leikskólakennari
Elísabet Jónsdóttir	Deildarstjóri í leikskóla
Ellen Marta Baran	Leiðbeinandi í grunnskóla
Erla Sif Sveinsdóttir	Arferlisfræðingur
Eva Margrét Heimisdóttir	Leiðbeinandi í leikskóla
Eyrún Kristín Eyjólfssdóttir	Atferlisfræðingur
Felix Exequiel Woelflin	Leiðbeinandi í grunnskóla
Finnur Jónsson	Umsjónarkennari
Freyja Sól Pálsdóttir	Leiðbeinandi í leikskóla með stuðning
Fríða Rún Vestmann Friðþórsd.	Stuðningsfulltrúi
Gehanara Mamailao Orbon	Leiðbeinandi í leikskóla
Guðbjörg Pálsdóttir	Leiðbeinandi í grunnskóla
Guðbjörg Vilhjálmsdóttir	Deildarstjóri stoðþjónustu
Guðjón Helgi Friðriksson	Stuðningsfulltrúi
Guðlaug I Þorsteinsdóttir	Grunnskólakennari
Guðmunda Inga Gunnarsdóttir	Umsjónarkennari
Guðrún Gylfadóttir	Leikskólakennari
Guðrún Þorsteinsdóttir	Deildarstjóri 1.-4. bekk
Gunnar Freysson	Frístundaleiðbeinandi
Gyða Björk Ingimarsdóttir	Leiðbeinandi í leikskóla
Hadeel Shtay	Leiðbeinandi í leikskóla
Hafsa Ahnich	Leiðbeinandi í leikskóla
Halldóra E Björgúlfssdóttir	Stuðningsfulltrúi
Halldóra Halldórsdóttir	Sérkennari

Hanna Ósk Helgadóttir	Umsjónarkennari
Harpa Katrín Guðnadóttir	Leiðbeinandi í leikskóla
Heiðar Rytis Guðmundsson	Leiðbeinandi í leikskóla
Helena Dögg Olgeirsdóttir	Leikskólakennari
Helena Gylfadóttir	Leikskólasérkennari
Helena Heiðdal Geirsdóttir	Leiðbeinandi í leikskóla
Helena Líf Magnúsdóttir	Leiðbeinandi í grunnskóla
Helgi Hrafn Þorsteinsson	Aðstoðarumsjónarmaður í frístundaheimili
Hera Björg Ingadóttir	Stuðningsfulltrúi
Hildur Björk Guðmundsdóttir	Sérkennari
Hildur Hrönn Arnarsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Hrafninnna Grettisdóttir	Umsjónarkennari
Inga Hrönn Þorvaldsdóttir	Skólalíði
Íris Ósk Ingadóttir	Umsjónarmaður frístundaheimili
Jóhann Valur Þorsteinsson	Stuðningsfulltrúi
Jóna Margrét Guðjónsdóttir	Leiðbeinandi í leikskóla
Jónína Klara Pétursdóttir	Deildarstjóri 5.-10. bekk
Julia Yanina Carranza Zevallos	Leiðbeinandi í leikskóla
Karen Rós Smáradóttir	Stuðningsfulltrúi
Katarzyna Dreksa	Deildarstjóri í leikskóla
Klaudia Alicja Rymon-Lipinska	Yfirproskabjálfi (leik- og grunnskóla)
Kolbeinn Höður Gunnarsson	Stuðningsfulltrúi
Kristinn Örn Elfar Zannyjarson	Leiðbeinandi í leikskóla
Kristín Ösp Sigurðardóttir	Yfirproskabjálfi (leik- og grunnskóla)
Lára Björg Einarsdóttir	Umsjónarkennari
Lára Katrín Halldórudóttir	Leiðbeinandi í leikskóla með stuðning
Lilja Lív Margrétardóttir	Leiðbeinandi í leikskóla
Lilja Rún Sigurðardóttir	Umsjónarkennari
Loki Úlfur Skarphéðinsson	Leiðbeinandi í leikskóla
Lucie Sedlacíková	Leiðbeinandi í leikskóla
Magnús Pedersen Kjartansson	Leiðbeinandi í leikskóla
Margrét Gunnarsdóttir	Yfirproskabjálfi (leik- og grunnskóla)
Margrét Kristín Jónsdóttir	Verkefnisstjóri UT og umsjónarkennari
Margrét Lilja Guðmundsdóttir	Deildarstjóri í leikskóla
Margrét Magnúsdóttir	Leiðsagnakennari
Maria Gabriela Ferreira Estevo	Leiðbeinandi í leikskóla
Maria Luz Rack De Alva	Leikskólakennari
María Höskuldsdóttir	Leiðbeinandi í leikskóla
Marianna Jónsdóttir Mariudóttir	Umsjónarkennari
Marló Björt Kristins	Stuðningsfulltrúi
Marra Charmaine Solana Cailing	Frístundaleiðbeinandi
Matthías Hildir Pálmason	Leiðbeinandi í leikskóla
Milena Ganzha	Stuðningsfulltrúi
Nagham Altheeb Hneidi	Leiðbeinandi í leikskóla

Nour S. A. Almassri	Leiðbeinandi í leikskóla
Nova Jenn Palaca Madrinan	Stuðningsfulltrúi
Pacifique Mfundu	Skólaliði
Páll Arnarson	Leiðbeinandi í grunnskóla
Pálmar Sveinsson	Stuðningsfulltrúi
Pedro Bote	Leikskólakennari
Ragnhildur Jónasdóttir	Stundakennari, forstöðum. Urra félagsmiðstöðvar
Rakel Anna Róbertsdóttir	Leiðbeinandi í leikskóla
Rebekka Ásta Kristinsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Rúna Björg Ársælsdóttir	Leiðbeinandi í grunnskóla
Sabine Puckovska	Frístundaleiðbeinandi
Sandra Magnúsdóttir Kilinska	Frístundaleiðbeinandi
Sandra María Bergþórsdóttir	Umsjónarkennari
Sandra Stojkovic Hinic	Grunnskólakennari
Selma Gísladóttir	Leiðbeinandi í leikskóla
Selma Ramdani	Yfirproskabjálfi (leik- og grunnskóla)
Shannon Dale Thompson	Frístundaleiðbeinandi
Sigríður Ósk Hannesdóttir	Leiðbeinandi í leikskóla
Sigrún Edda Halldórsdóttir	Umsjónarkennari
Sigurður Daniel Kristjánsson	Sérkennari
Sigurjón Sigurðsson	Húsvörður leik- og grunnskóla
Sigurlín Sumarliðadóttir	Grunnskólakennari
Sigurlín Sæunn Sæmundsdóttir	Deildarstjóri í leikskóla
Sigurrós Arey Árnýjardóttir	Leiðbeinandi í leikskóla
Snædis Ósk Jóhannsdóttir	Atferlisfræðingur
Sofia Nadashvili	Leiðbeinandi í leikskóla
Sólveig Björnsdóttir	Umsjónarkennari
Steiney Snorradóttir	Náms- og starfsráðgjafi
Styrmir Björn Gunnarsson	Frístundaleiðbeinandi
Sunna Þórey Jónsdóttir	Yfirproskabjálfi (leik- og grunnskóla)
Svavar Már Ólafsson	Umsjónarkennari
Sæbjörg Erla Árnadóttir	Grunnskólakennari
Sæunn Tegeder Þorsteinsdóttir	Leiðbeinandi í leikskóla
Telma Ellertsdóttir	Frístundaleiðbeinandi
Thelma Ósk Tryggvadóttir	Leiðbeinandi í leikskóla
Theodór Sigurgeirsson	Leiðbeinandi í grunnskóla
Una Guðrún Einarisdóttir	Aðstoðarskólastjóri grunnskólastig
Urszula Elzbieta Puczynska	Skólaliði
Vilhelm Már Bjarnason	Grunnskólakennari
Vladimir Antonov	Skólaliði
Walaa Jneid	Stuðningsfulltrúi
Yevhen Vanusiv	Stuðningsfulltrúi
Yevheniia Huslieva	Leiðbeinandi í leikskóla
Yoanna Tsvetanova Berkova	Leikskólakennari

Zoriana Vaniusiv	Leiðbeinandi í leikskóla
Þorgerður Anna Arnardóttir	Skólastjóri
Þorgerður Kr Guðmundsdóttir	Sérkennslustjóri leikskólastig
Þóra Árnadóttir	Skólafélagsráðgjafi
Þóra Björg Hallgrímsdóttir	Skrifstofustjóri
Þórdís Linda Þórðardóttir	Leiðbeinandi í leikskóla
Þórey Huld Jónsdóttir	Aðstoðarskólastjóri leikskólastig
Þórunn Snjólaug Gunnarsdóttir	Leiðbeinandi í leikskóla

Frekari upplýsingar um starfsfólk má finna á vef skólans á slóðinni:  
<http://urridaholtsskoli.is/Upplýsingar/Starfsfolk>

## SKÓLAÁRIÐ OG SKÓLADAGATAL

Samkvæmt skóladagatali eru skóladagar grunnskólanemenda 180. Kennsludagar grunnskólanemenda eru 171. Skertir dagar eru þeir dagar þar sem brugðið er frá lengd skóladags og skólaárið 2024-2025 eru þeir alls 9. Þessir dagar eru skólaasetningardagur, þrír samtalsdagar, dagur vegna jólaskemmtunar, Öskudagur, afmæli Urriðaholtsskóla síðasta vetrardag, vorhátiðardagur og skólaslitadagur, sem er einnig samtalsdagur. Kennsla fellur niður í jólaeyfi grunnskólanemenda sem er frá 23. desember til og með 2. janúar. Önnur leyfi grunnskólabarna eru vetrarleyfi frá 17. til og með 21. febrúar og páskaleyfi er 14. apríl til og með 21. apríl.

Foreldrar þurfa að skrá börn á leikskólastigi sérstaklega með viðveru í jólaeyfi og vetrarleyfi, leikskólastig er lokað 2. janúar og í Dymbilvíku. Foreldrar barna í 1.-4. bekk þurfa einnig að skrá börn sín sérstaklega í frístund í jólaeyfi, vetrarleyfi og í Dymbilvíku. Þá fellur skólastarf á báðum skólastigum niður vegna eftirtalinna skipulagsdaga á skólaárinu: 16. september, 1. nóvember, 22. janúar, 21. febrúar og 20. maí.

Formlega skólaslit á báðum skólastigum eru föstudaginn 6. júní og í framhaldi tekur við sumardagskrá á leikskólastigi.

Skóladagatal Urriðaholtsskóla skólaárið 2024-2025 má finna á slóðinni: [us skóladagatal-2024-2025 staðfest .pdf \(urridaholtsskoli.is\)](#)

## SÉRSTAKIR DAGAR

Ýmsar hefðir eru að skapast í nýju skólasamfélagi sem auðga skólastarfið og styrkja skólameninguna. Öðru hvoru yfir skólaárið gerum við okkur dagamun.

**Þetta skólaár verðar eftirtaldir sameiginlegir uppbrotisdagar á leik- og grunnskólastigi:**

- 30. október – Hrekkjavöku fagnað á öllum heimasvæðum

- 8. nóvember – Dagur gegn einelti
- 16. nóvember - Dagur íslenskrar tungu
  
- 20. nóvember – Dagur mannréttinda barna
- 20. desember – Jólaskemmtanir
- 5. janúar – Þrettándagleði
- 6. febrúar – Dagur leikskólans
- 5. mars – Öskudagur; búningadagur
- 21. mars – Alþjóðlegur dagur Downs heilkennis. Hvetjum alla til að mæta í ósamstæðum sokkum.
- 23. apríl – Síðasti vetrardagur, 6 ára afmæli Urriðaholtsskóla - **Hár- og hattadagur**
- 6. júní – **Íþróttadagur** og foreldrahátíð



Hvort skólastig fyrir sig er einnig með gleði og uppbot á skólaárinu. Leikskólastig heldur upp á þorrann og góu, og grunnskólastig tekur þátt í Ólympíuhlaupinu ár hvert. Árleg brennókeppni fer fram á grunnskólastigi á vorin sem og **100 daga hátíð** sem haldin er þegar 100 skóladagar eru liðnir af skólaárinu. Grunnskólastigið er með vetrarleika í febrúar. Útskriftarferðir skólastiga eru í lok maí. Skólaárinu líkur á sameiginlegri vorhátíð í samvinnu við foreldrafélag skólans. Þetta skólaár mun 7. bekkur fara að Reykjum 13.-16. janúar 2025.

#### SKÓLADAGUR NEMENDA

Skólinn opnar kl. 7:45, grunnskólastarf á yngsta stigi hefst kl. 8:15 en á mið- og unglíngastigi 8:30 og grunnskóladegi lýkur kl. 13:20 á yngsta stig en 14:00 á mið- og unglíngastigi. Sumir dagar þó breytilegir á unglíngastigi fer eftir vali nemenda. Engin gæsla er á grunnskólastig áður en kennsla hefst. Eftir að grunnskóladegi lýkur tekur við frístundastarf í Urriðakoti fyrir grunnskólabörn yngsta stigs til klukkan 16:30, foreldrar ákveða vistunartíma í frístund og eru hvattir til að vera meðvitaðir um vinnutíma barna. Nemendur á grunnskólastigi frímínútur um miðjan morgun sem og í kringum hádegi. Nemendur á yngst stigi og miðstigi fara út en nemendur á unglíngastigi hafa val um útiveru eða inniveru. Grunnskólabörn koma með morgunhressingu að heiman sem og hádegismat séu þau ekki skráðir í áskrift í Matartímann, Garðabær greiðir fyrir hádegisverð enn foreldrar/aðstandendur bera ábyrgð á skráningu í áskrift. Mikilvægt er að nesti sé hollt og nærandi.

Foreldrar leikskólabarna geta valið vistunartíma fyrir börnin sín á tímabilinu 7:45 til 16:30 mánudaga til fimmtudaga en leikskólastig lokar kl. 16:00 á föstudögum, hámarks vistun leikskólabarns á viku eru 40 stundir. Foreldrar á leikskólastigi eru hvattir til að vera meðvitaðir um lengd vinnutíma barna þegar ákvörðun er tekin um vistunartíma. Frá kl. 7:45 er móttaka



fyrir börn á leikskólastigi á Klifi. Frá kl. 8:00 eru öll börn á sínum svæðum. Eftir kl. 16:00-16:15 sameinast syststrasvæði. Morgunverður er framborinn á leikskólastigi milli kl. 8:15-8:45. Hafragrautur er í boði alla daga, nema á mánudögum er morgunkorn. Ekki er boðið upp á morgunverð á grunnskólastigi. Skólanum er lokað kl. 16:30 á báðum skólastigum en 16:00 á föstudögum á leikskólastigi og mikilvægt að foreldrar virði skráðan vistunartíma barna sinna og opnunartíma skólans.

Ávaxtahressing er um miðjan morgun hjá leikskólabörnum á heimasvæðum þeirra. Í hádeginu borða kennarar með nemendum á heimasvæðum leikskóla. Matartíminn er hluti af lífsleikni og mikilvægt að skapa notalega stund og samræður við matarborðið.

Lítil íþróttaaðstaða er innan skólans og nýta yngstu grunnskólanemendur hana en grunnskólabörnum er ekið í skólaíþróttir í. Í vetur hafa leikskólabörn aðgang að einum sal fyrir hreyfipjálfun og kennslu, inn af heimsvæðum yngri barna. Sundkennsla grunnskólabarna fer fram í sundlauginni á Álftanesi og fara nemendur að jafnaði í sund einu sinni í viku og íþróttir í Miðgarð einu sinni í viku, samtals eru skólaíþróttir nemenda að jafnaði um 120 mínútu á viku.



**SKÓLABRAGUR**

Áhersla er lögð á að skapa jákvæðan skólabrag og að góður vinnuandi sé ríkjandi í skólasamfélaginu öllu. Allir sem í skólanum starfa eiga að stuðla að og viðhalda góðum starfsanda þar sem öryggi, vellíðan og heilbrigði eru í fyrirrúmi fyrir börn og fullorðna. Mikilvægt er að gagnkvæmt traust, virðing, samábyrgð, tillitssemi og kurteisi séu höfð að leiðarljósi. Þá skal mæta hverju barni þar sem það er statt og tillit tekið til þarfa, þroska og hæfni með áherslu á mannréttindi, jafnrétti og lýðræðisleg vinnubrögð. Bann er við mismunun af öllu tagi.

Búið er að útbúa handbækur fyrir starfsfólk um Væntingar til starfsins, en þær eru leiðarvísir fullorðna fólksins í starfi. Hvert skólastig vinnur með *Væntingar* út frá eðli starfsins og aldri þeirra barna sem unnið er með. Væntingar styðja við jákvæðan skólabrag ásamt því að senda skýr skilaboð um hvernig unnið er í Urriðaholtsskóla og hvers er vænst af nemendum og starfsfólki. Lesa má frekar um væntingar og jákvætt skólaumhverfi í skólanámskrá Urriðaholtsskóla á vef skólans [www.urridaholtsskoli.is](http://www.urridaholtsskoli.is). Þá hefur verið veittur styrkur úr þróunsjóði fyrir gerð handbókar um *Væntingar* er varða vinnu stoðþjónustu skólans á báðum skólastigum

**NEMENDUR**

Skólaárið 2024-2025 eru 553 nemendur innritaðir í skólann, 186 á leikskólastigi og 367 á grunnskólastigi. Í vetur eru nemendur á 13 deildum eða heimasvæðum og í fyrsta sinn eru nemendur frá eins árs og upp í 10. bekk í húsinu. Frekar upplýsingar má sjá hér að neðan.

**Yfirlit yfir árganga, fjölda barna og deildarstjóra/umsjónarkennara**

Heimasvæði	Árgangar	Alls	Deildarstjóri / Umsjónarkennari	
Kelda	2023	12	Sigurlín Sæunn Sæmundsdóttir	
Kjarr	2023	12	Elísabet Jónsdóttir	
Klettur	2022	21	Dagbjört Ína Guðjónsdóttir	
Klif	2021	13	Katarzyna Dreksa	
	2020	10		
Klöpp	2021	12	Agnieszka Kolowrocka	
	2020	11		
Kriki	2021	12	G. Fjóla Guðnadóttir	(byrjar 1. okt)
	2020	11		
Flöt og Mýri	2019	72	Agnes Ólöf Pétursdóttir	Margrét Lilja

Hlið	2018	73	Finnur Jónsson Hanna Ósk Helgadóttir	Guðbjörg Pálsdóttir Lára
Höfði	2017	58	Helena Líf Ólafsson	Svavar Már Rúna Björg Ársælsdóttir
Hnjúkar	2016	60	Guðmunda Inga Gunnarsdóttir Rún Sigurðardóttir	Lilja Páll Arnarson
Stiklur	2015	43	Margrét Kristín Jónsdóttir María Bergþórsdóttir	Sandra Theodór
Skerpla	2014	38	Anton Helgi Hannesson	Ásdís Halla
	2013	34	Ellen Marta Barna	Hrafninnna Grettisdóttir
	2012	23	Sólveig Björnsdóttir	
Stekkur	2011	13	Felix Exequiel Woelflin	Sigrún Edda
	2010	22	Halldórsdóttir	
	2009	3		

#### NEMENDAFÉLAG

Samkvæmt 10. gr. laga um grunnskóla skal starfa nemendafélag í grunnskólum sem á m.a. að vinna að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum þeirra. Nemendafélag Urriðaholtsskóla hefur verið stofnað við skólann og í vetur verður unnið að vinnulagi og væntingum félagsins í samstarfi við nemendur. Mikilvægt að horfa til ólíkra þarfa skólastiganna og munu nemendur í félagsmálavali á unglingastigi vinna að þessu verkefni meðal annars.

#### FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF

Félagsmiðstöðin Urriði er opin að jafnaði tvisvar í viku, þriðjudaga og fimmtudaga fyrir nemendur á mið- og unglingastigi. Opið er fyrir 5.-7. Bekk á milli kl. 17 og 19 og frá kl. 19 til 22 fyrir unglingastig. Föstudagsopnanir eru auglýst sérstaklega.

Forstöðumaður Urriða er Ragnhildur Jónasdóttir tómtunda- og félagsmálafræðingur

#### FRÍSTUND - URRIÐAKOT

Urriðakot, frístundin/tómtundaheimilið í Urriðaholtsskóla er fyrir nemendur á yngsta stigi. Meginhlutverk þess er að veita nemendum innihaldsríkt tómtundastarf eftir skóla í öruggu umhverfi þar sem boðið er upp á frjálsan leik, val og klúbbastarf. Markmið er að bjóða upp á umhverfi þar sem nemendur fá að njóta sín í því sem vekur áhuga þeirra og styrkleikar þeirra fái að blómstra. Umsjónarmaður er Íris Ósk Ingadóttir tómtunda- og félagsmálafræðingur.



Dvöl í Urriðakoti er valkostur sem foreldrar/forráðamenn velja fyrir barn sitt og greiða fyrir. Gjaldskrá er háð ákvæðum bæjarstjórnar Garðabæjar. Nánari upplýsingar er að finna á á vefsíðu Garðabæjar [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is).

Opið er alla skóladaga frá lokum skóladags til kl. 16:30. Á skipulagsdögum, utan Menntadags í 1. nóvember. Í vetrarleyfi og jóla- og páskaleyfi er einnig opið en foreldrar sækja sérstaklega um vistun þá daga sem ekki er skólastarf. Opnunartími í lengdri viðveru eru frá kl. 8:30-16:30.

## FORELDRAR

Í Urriðaholtsskóla er lögð áhersla á að samskipti heimilis og skóla séu góð og ætíð með velferð og vellíðan nemenda í forgrunni. Á haustfundum er farið yfir þætti sem styðja og styrkja foreldra í sínum verkefnum á sama tíma og samvinna milli heimilis og skóla er efl.

Við skólann starfar öflugt foreldrafélag sem styður þétt við skólann í leik og starfi með fjárhagslegum sem og félagslegum stuðningi. Foreldrafélagið hefur meðal annars auðgað skólastarfið með skíðaferð grunnskólabarna, vorhátíð skólans, leiksýningum, hjólanámskeiðum ásamt fjölda annara viðburða til handa börnum og/eða foreldrum. Þetta góða samstarf heldur áfram að þróast í vaxandi skólasamfélagi.

## MIÐLUN UPPLÝSINGA TIL FORELDRA

Helstu upplýsingaveitur skólans til foreldra eru í gegnum Völu á leikskólastigi og Mentor á grunnskólastigi, ásamt tölvupósti.

Á grunnskólastigi fer námsmat fram í Mentor sem og skráning á ástundun. Þá fara allar helstu tilkynningar inn á heimsíðu skólans en ítrekun er ávallt send í tölvupósti til aðstandenda. Frekari upplýsingar um einstaka mál nemenda eru veittar eftir þörfum á fundum, með símtölum eða í gegnum tölvupóst.

Umsjónarkennarar grunnskólastigs og deildarstjórar leikskólastigs senda vikulega heim fréttir í gegnum Völu / Mentor þar sem helstu upplýsingar um skólastarfið koma fram. Þá er reglulega boðað til fjöldafunda með foreldrum, til dæmis haustkynningar eða kynningar á sameiginlegum þáttum í leik- og grunnskólastarfi ýmist við upphaf skólagöngu eða eins og þurfa þykir hverju sinni.

Foreldrar eru hvattir til að hafa samband við kennara/deildarstjóra í tölvupósti til að ræða einstaka mál eða óska eftir fundi eða samtali símleiðis. Hafa þér þó í huga að á skólatíma eru kennarar yfirleitt ekki við tölvu og því ekki hægt að treysta á að tölvupóstur sé lesinn samdægurs. Kennarar svara þó tölvupósti eins hratt og auðið er á vinnutíma. Mikilvægt er að hafa í huga að skilaboðakerfi Völu og Mentor eru opin samskiptamáti og ekki skal setja þar inn viðkvæmar persónuupplýsingar af neinu tagi!

Ef erindið er brýnt er hægt að hringja í skólann og reyna að ná inn á deildir leikskólastigs eða skilja eftir skilaboð hjá skrifstofustjóra fyrir grunnskólastig. Vert er að benda á að kennarar á grunnskólastigi svara ekki í síma eða taka við skilaboðum á meðan á kennslu stendur og á leikskólastigi er ekki alltaf hægt að svara í símann þar sem barnastarf er í forgangi fram yfir önnur mál. Þoli mál enga bið er haft samband við skólastjórnendur.

## FORELDRA- OG NEMENDASAMTÖL

Á leikskólastigi eru foreldrasamtöl á haust- og vorönn, sem fara fram í lok október og byrjun mars. Skólastarf leikskólabarna skerðist ekki á meðan á samtalstíma stendur. Tilgangur samtalanna er að ræða líðan, þroska, félagslega stöðu og nám barnsins. Á grunnskólastigi hefst


skólaárið á samtali við nemendur og aðstandendur og farið yfir væntingar og markmið vetrarins. Tvö viðtöl fara fram á skólaárinu, þar af annað nemendastýrt og þá er skóladagur grunnskólanemenda skertur. Skólaárinu er fagnað með vor- og íþróttahátíð en skólaslit fara fram með **uppgjörsviðtali** nemenda, kennara og aðstandenda á grunnskólastigi. Þá er meðal annars farið yfir þætti sem gott er að hafa í huga yfir sumarið, til að mynda heimalestur.

Samtölin eru góður vettvangur til að fara yfir það sem vel er gert, koma með athugasemdir um það sem betur má fara og finna sameiginlegar lausnir til úrbóta ef þess er þörf. Lögð er áhersla á líðan barns tilfinningalega og félagslega í viðtölunum og skulu viðtöl ávallt vera uppbyggileg og hvetjandi en um leið hreinskiptin.

## TILHÖGUN KENNSLU

## KENNSLUHÆTTIR OG SKÓLAÞRÓUN

Í Urriðaholtsskóla er leitast við að nota gagnreyndar kennsluaðferðir. Ekki er hér einungis átt við rannsóknir á aðferðum sem sýna aukinn námsárangur barna, heldur ekki síður rannsóknir sem sýna fram á aukna trú barna á eigin getu og aðferðir sem hafa jákvæð áhrif á úthald, einbeitingu og seiglu. Tilgangur þessa er styðja fagfólk og foreldra í að taka ákvarðanir varðandi kennslu barna á öllum aldri þegar kemur að útivist og hreyfingu, sköpun, leik, málörvun og læsi svo eitthvað sé nefnt.



Þetta er gert til að auka líkur á að líðan og trú á eigin getu verði góð, því þannig vegnar barni betur í námi. Áhersla er lögð á leikrænan lestur og málörvun á leikskólastigi sem síðan þróast áfram í átt að mjög markvissri lestrar- og lesskilningskennslu eftir því sem börnin eldast. Hreyfing er í hávegum höfð við skólann og hreyfifærni er kennd frá eins árs aldri. **Útivist og hreyfing er á dagskrá eldri barna** í upphafi dags og síðan allra barna reglulega yfir daginn til þess að stuðla að vellíðan og aukinni einbeitingargetu. Áhersla er lögð á frjálstan leik með opnum efnivið og á það bæði við um leik- og grunnskólastig, þar sem leikur er hluti af skóladeginum á hverjum degi.

Á leikskólastigi er lögð áhersla á að kenna samskipti, að þekkja tilfinningar, sem og að styrkja sjálfstraust og persónu hvers og eins. Jafnrétti, í öllum skilningi þess orðs, er í hávegum haft og fjölbreytileikanum er fagnað. Þá fara nemendur í jóga og kynnast hugmyndum núvítundar. Áhersla er lögð á jákvæð og uppbyggileg samskipti og að styrkleikar hvers og eins fái að njóta sín í leik og starfi.

## TEYMISKENNSLA

Í Urriðaholtsskóla er litið á hvern árgang sem eina heild og á það við bæði á leik- og grunnskólastigi. Þannig eru tveir eða fleiri umsjónarkennarar með sameiginlega umsjón í hverjum árgangi (eftir fjölda í árgangi) á grunnskólastigi og 2-3 deildarstjórar á leikskólastigi. Deildarstjórar/umsjónarkennarar á báðum skólastigum vinna því saman að skipulagningu náms innan hvers árgangs. Slíkt fyrirkomulag styður við sveigjanleika í starfi og að hverjum nemanda sé mætt á þeim stað sem hann er staddur á. Hverjum árgangi á grunnskólastigi er skipt upp í hópa og áhersla er lögð á að hóparnir fái einnig að vinna saman en um leið að kennsla sé færnimiðuð. Það styrkir félagsfærni og félagsþroska og gefur tækifæri til að æfa tillitssemi og að setja sig í spor annarra.

Hugmyndafræði opna skólans byggir á að kennarar vinna saman að því að ná fram markmiðum nemenda. Hver umsjónarkennari **á sinn umsjónarhóp** og sinnir þannig sínum nemendum einstaklingslega. Hvert teymi á vikulega fundi til að skipuleggja starfið **en hálfmánaðarlega**

funda stjórnendur með hverju teymi. Stigsfundir (leik- og grunnskólastigsfundir) eru haldnir vikulega og er þeim stýrt eftir fundarfyrirkomulagi eftir fyrirmynd frá Buskelund skolen í Silkeborg sem Fríða Sigurðardóttir kennari við þann skólann þýddi og staðfærði. Fyrirkomulagið gefur betri tímastjórn, auðveldar innlögn nýrra hugmynda, heldur utan um ákvarðanatöku um samstarf, hugmyndir og kennslu og tryggir að raddir allra fái að heyrast.

## NÁMSMAT

### LEIKSKÓLASTIG

Á leikskólastigi fer námsmat fram í gegnum skráningar á leik- og þroska nemenda. Þar er horft til alhliða þroska, tjáningar, samskipta, sjálfshjálpar, þátttöku í leik og verkefnavinnu, félagsfærni, samkenndar, frumkvæðis, almennrar líðan, áhugasviðs og sköpunar. Leiðir til námsmats eru m.a.:



Námsmatsþáttur	Matstæki	Að auki sé þess þörf
Málþroski, samskipti og tjáning	TRAS, EFI-2 og Hljóm-2	AEPS, Orðaskil, Íslenski þroskalistinn og Smábarnalistinn
Fyrir hreyfiþroska	YAP og AEPS	Íslenski þroska listinn og Smábarnalistinn
Félagsfærni, frumkvæði og samkennd	TRAS og mat leikskólakennara og annars starfsfólk með réttindi	AEPS
Sjálfstæði	Mat leikskólakennara eða annars starfsfólks með réttindi	AEPS, Íslenski þroskalistinn og Smábarnalistinn
Sköpun og þátttaka barna í leik og verkefnavinnu	Ferilmappa og skráningar úr leik	
Almenn líðan og áhugasvið	Foreldrasamtöl, mat leikskólakennara og annars starfsfólk sem þekkir barnið. Mat barna.	

### GRUNNSKÓLASTIG

Í Urriðaholtsskóla er leitast við að veita góða yfirsýn yfir stöðu hvers og eins og framvindu í námi. Nemendum er skipt í færniþíma hóp á íslensku og stærðfræði þar sem hver og einn fær kennslu og námsefni við sitt hæfi. Í skólanum er stuðst við hæfniviðmið þar sem unnið er að einstaklingsmiðuðu námi, fjölbreyttum kennsluháttum og vel skilgreindu námsmati. Kennarar beita fjölbreyttum aðferðum við kennslu og námsmat, en námsmat í skólanum byggist mest á leiðsagnarmati sem metur fjölbreytta hæfni nemenda til lengri tíma. Mikilvægt er að gera nemendum ljóst hvaða hæfniviðmið er verið að meta hverju sinni og við hvaða

matskvarða hæfniviðmiðin tengjast. Nemendur fá reglulega upplýsingar um hæfni og getu á hverjum tíma. Með þessum hætti er lögð áhersla á að bæði nemendur og aðstandendur fái tilfinningu fyrir hæfni nemandans og hvert viðkomandi nemandi stefnir með vaxandi hugarfar að leiðarljósi. Þannig fylgist nemandinn til dæmis sjálfur með framvindu náms í fimipjálfun í lestri og stærðfræði. Námsefnið er þrepaskipt og nemendur eru meðvitaðir um markmið með fimipjálfun og þeirri færni sem þeir stefna að til að taka næsta skref í námsefninu. Í öllum námsgreinum 1. - 9. bekkjar þurfa kennarar að styðjast við og meta hæfniviðmið með eftirfarandi matskvarða; framúrskarandi hæfni – hæfni náð – á góðri leið – þarfnast þjálfunar – hæfni ekki náð – lokið/ólokið. **Í vetur verður námsmat á unglingsstigi þróað enn frekar.** Þá er Urriðaholtsskóli í samstarfi við Miðstöð menntunar og skólaþjónustu í þróun og prófun á **nýjum stöðu- og framvinduprófum í stærðfræði og íslensku.**

Lykilhæfni er svo hæfni er snýr að nemandanum sjálfum og ætlað er að stuðla að alhliða þroska hans, en hún felst í eftirfarandi sex þáttum:

- Sjálfstæði og samvinna
- Nýting upplýsinga og miðla
- Skapandi og gagnrýnin hugsun
- Samskipti og samstarf
- Ábyrgð og mat á eigin námi

Til að styðja við að nemendur tileinki sér eiginleika er snúa að lykilhæfni er lögð mikil áhersla á samskiptaþjálfun og samskiptafærni í skólanum. Notast er við verkfæri eins og Verkfærakistu KVAN, Vináttuverkefni Barnaheilla, ART samskiptaþjálfun en ekki síst væntingar á hverju svæði skólans. Væntingar til starfsfólks skólans styðja við starfið og að ávallt sé komið fram við nemendur með vinsemd og virðingu og það í huga að leiðbeina og styðja í leik og starfi. Allt starfsfólk skólans skal taka virkan þátt í að innleiða væntingar, minna á þær, hrósa fyrir viðeigandi framkomu og hegðun nemenda og vera góðar fyrirmyndir. Þá skal við öll tækifæri ígrunda með nemendum það sem betur hefði mátt fara og hvernig gott væri að bregðast við næst, sjá kafla um stigskiptan stuðning.

Upplýsingar um námsmat er að finna á Mentor.is.

## HEIMANÁM

Í Urriðaholtsskóla er heimalestur helsta heimanám nemenda á grunnskólastigi og unnið í samstarfi við foreldra. Skólinn leggur mikla áherslu á að heimalestri sé sinnt vel og leitar ávallt lausna til að finna heimalestri farveg sé ekki unnt að sinna honum heima. Umsjónarkennari fylgist með ástundun nemenda í heimalestri og vinnur eftir ákveðnum verklagsreglum í því sambandi. En foreldrar/aðstandendur skrá heimalestur í forritið Læsir, það heldur utan um allt efni sem barnið les og er safnað í bókahillu árgangans/hópsins og



sjá t.d. hvað er vinsælt, áhugavert og hvetur til að aðrir lesi. Ef lestri er ábótavant fer ákveðinn verkferill í gang sem lesa má um í skólanámskrá.

Þegar líður á miðstig og á unglingsstigi fer að fara meira heimanám heim og snýr það að ákveðnum verkefnum eða viðfangsefni sem verið er að vinna með hverju sinni. Þá skulu þau verkefni vera fjölbreytt og taka mið af námslegri stöðu hvers nemenda og að nemendur hafi tæk á að leysa verkefnið heima.

#### VETTIVANGSFERÐIR

Leitast er við að fara í vettvangsferðir þegar tækifæri gefst og fer eftir aldri nemenda hvers kyns ferðirnar eru. Yngstu leikskólabörnin fara í vettvangsferðir í kringum skólann og í



nærumhverfi hans, eldri leikskólabörn fara í ferðir um hverfið, niður að Urriðakotsvatni og aðra staði í nærumhverfi Urriðaholts. Þau fara einnig á tónleika og leiksýningar. Þá njóta leikskólabörn góðs af bókasafni skólans og fara reglulega þangað í lestrarstundir.

Grunnskólabörn fara í ferðir á þessa sömu staði en auk þess heimsækja þau söfn, fara í fjöruferð, fara á tónleika og leiksýningar. Þá hafa nemendum verið heimsókn í Golfklúbbinn Odd á aðventunni, eins og hefur verið undanfarin ár. Marianna Jónsdóttir Mariudóttir sinnir hlutverki menningarfulltrúa skólans, en hlutverk hans er að miðla listum og menningartengdum verkefnum og viðburðum til skólasamfélagsins. Þá er fyrirhuguð ferð nemenda í 7. bekk að Reykjum á vorönn.

#### ÚTFÆRSLA VIÐMIÐUNARSTUNDASKRÁR GRUNNSKÓLASTIGS

Í Urriðaholtsskóla er áhersla lögð á samþættingu námsgreina og þemakennslu í öllum árgöngum skólans. Vegna þessa er óhægt um vik að tilgreina stundir samkvæmt viðmiðunarstundaskrá, en sú hlutfallslega skipting sem þar er boðuð er höfð til hliðsjónar í starfi skólans. Í skipulagi skólans er mikið horft til þeirra hæfniviðmiða sem vinna á samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla og eru námsmarkmiðin því einnig leiðarljós þegar ákveðið er hvernig tímamagni er skipt milli námssviða.

#### Viðmiðunarstundaskrá samkvæmt aðalnámskrá

Námsgreinar - Námssvið	1.-4. bekkur	5.-7. bekkur	8.-10. bekkur
	Heildartími í 1.-4. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 5.-7. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 8.-10. bekk. Mínútur á viku
Íslenska, íslenska sem annað tungumál og íslenskt táknmál	1120	680	630
Erlend tungumál, enska (og norðurlandamál síðar á námsferli)	80	460	840

List- og verkgreinar	900	840	340
Náttúrugreinar	420	340	360
Skólaíþróttir	480	360	360
Samfélagsgreinar; trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál, siðfræði	580	600	360
Stærðfræði	800	600	600
Upplýsinga- og tæknimennt	120	160	80
Annað val til ráðstöfunar	300	160	870
<b>Alls</b>	<b>4800</b>	<b>4200</b>	<b>4440</b>

Nemendur á grunnskólastigi sækja að jafnaði vikulega sundkennslu í sundlauginni á Álftanesi, sem og íþróttatíma í Miðgarði í Vetrarmýri, tímarnir eru klukkustund.

Á yngsta stigi eru list- og verkgreinar ásamt upplýsingatækni, kynfræðslu og kynjafræði kennd í lotum þar sem öll börn fara í allar lotur bæði á haust- og vorönn. Samfélagsgreinar og náttúrufræði er kennd í þeim þar sem fögunum er fléttað saman við aðrar greinar, til dæmis íslensku. Lestur fær ríkulegt pláss í stundaskrá á yngsta stigi og hefjast allir dagar á lestrarkennslu þar sem kennt er í færnimiðuðum hópum óháð aldri. Unnið er með stigskipt námsefni þar sem grunnfærni er kennd fyrst og síðan þrep af þrepi þar til nemandi hefur öðlast meiri færni og betri lesskilning og þekkingu á málfræði. Notast er við stýrða kennslu og fimipjálfun í lestri sem og mikla orðaforðakennslu og málnotkun. Verið er að innleiða sömu kennsluhætti í stærðfræði, en þar er einnig unnið í færnimiðuðum hópum þar sem fyrst er lögð áhersla á tölur og talnaskilning og síðan er farið í grunnfærni í helstu reikniaðgerðum. Þess er ávallt gætt að nemandi hafi náð tókum á því sem á undan var gengið áður en nýtt efni er kennt.

Á mið- og unglíngastigi fara nemendur fyrri hluta dags í list- og verkgreinar og/eða þemaverkefni, og íþróttir og sund á þeim dögum sem þær greinar eru. Nemendur fara í hádegsmat/frímínútur og hefur það gefist mjög vel. Í íslensku og stærðfræði er kennt í færnimiðuðum hópum þar sem hverjum nemdanda er mætt þar sem hann er staddur í námsgreinunum og eru þessir hópar aldursblandaðir eftir þörfum. Lögð er áhersla á að byggja upp góðan grunn og/eða styrkja þann grunn sem þegar er kominn, auka skilning, fimi og efla sjálfstraust nemenda og námstækni.

#### NÁMSVÍSAR – KENNSLUÁÆTLANIR

Kennsluáætlanir eru birtar á heimasíðu skólans í sept/okt hvers skólaárs.

## SAMSTARF LEIK- OG GRUNNSKÓLA

Lögð er áhersla á samstarf og samfellu milli skólastiga í Urriðaholtsskóla. Grunnskólanemendur heimsækja leikskólastig á tyllidögum og elstu nemendur leikskólastigs heimsækja yngsta stig grunnskóla nokkrum sinnum yfir veturinn. Vinahópar milli skólastiga eru til staðar og á unglingastigi er boðið upp á val sem aðstoð á leikskólastigi

Strax á haustönn verður boðið upp á val eftir hádegi þar sem fimm ára börn og yngstu börn í frístund geta verið saman í leik. Samstarf fimm og sex ára barna eykst svo jafnt og þétt yfir veturinn. Hrekkjavakan er til dæmis haldin hátíðleg, meðal annars í þeim tilgangi að fimm ára börn fái boð í veislu á grunnskólastigi og bjóði grunnskólabörnum í heimsókn á sitt heimasvæði. Þá fá þau **fimm ára leikskólabörn sem það velja að heimsækja draugahús sem börn á miðstigi undirbúa fyrir samnemendur við skólann.**

Á vorönn hefst formlegt samstarf heimasvæða fimm og sex ára barna þar sem þau fara saman í útiverur, borða saman, vinna fjölbreytt verkefni saman og heimsækja hvort annað. Í ágúst er svo sumardvöl í frístund í boði fyrir verðandi nemendur í fyrsta bekk í eina viku fyrir skólasetningu. Þar kynnast nemendur starfsfólki frístundar.

Vinna við stefnu um samfellu og samstarf leik- og grunnskóla í Urriðaholti er í góðum farvegi og í vetur **verður unnið að því að festa hana enn frekar í sessi. Að þeirri vinnu munu koma leik- og grunnskólakennarar ásamt foreldrum með aðkomu nemenda skólans. Vinnuna leiða aðstoðarskólástjórar beggja skólastiga.**

## STOÐÞJÓNUSTA - SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA

Unnið er í samræmi við reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráða í grunnskólum nr. 584/2010.

## NEMENDAVERND

Samkvæmt grunnskólalögum nr. 91/2008 er starfrækt nemendaverndarráð í skólanum. Það starfar samkvæmt reglugerð um nemendaverndarráð í grunnskólum.

Í nemendaverndarráði og sérfræðiþjónustu leikskóla eiga sæti skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, sérkennslustjóri, námsráðgjafi (í **vetur skólafélagsráðgjafi en námsráðgjafi er í fæðingarorlofi**), skólahjúkrunarfræðingur og sálfræðingur skólans. Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi sérkennslu, heilsugæslu og aðra sérfræðiþjónustu. Nemendaverndarráði er ætlað að vera skólastjórnendum til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur skv. reglugerð um nemendaverndarráð í grunnskólum. Einnig er hlutverk nemendaverndarráðs að stuðla að velferðarmálum nemenda og hafa yfirumsjón með skipulagi og framkvæmd sérkennslu í skólanum. Nemendaráð situr einnig í áfallaráði skólans.

Fundir eru haldnir að jafnaði einu sinni í mánuði og situr félagsráðgjafi frá fjölskyldu- og heilbrigðissviði nemendaverndarráðsfundi eftir þörfum, fundir eru boðaðir oftar ef þörf er á. Starfsmenn skólans geta óskað eftir fundi í nemendaverndarráði um sérstök málefni með því að fylla út beiðni þar að lútandi. Umsjónarkennari getur óskað eftir umfjöllun nemendaverndarráðs um umsjónarnemanda sinn og skal kennarinn gera foreldrum viðvart um umfjöllunina fyrir fundinn. Leitast er við að taka málefni fyrir eins skjótt og hægt er eftir að beiðni berst. Nemendaverndarráð skráir stöðu málsins, fjallar um það faglega, leggur fram tillögur og fylgist með framvindu mála. Ráðið getur kallað á sinn fund þá aðila innan skólans og utan sem það telur að geti upplýst um ákveðin málefni. Full trúnaðarskylda fundarmanna gildir á öllum fundum nemendaverndarráðs.

## NÁMSRÁÐGJÖF

**Námsráðgjafi er málsvari** nemenda og trúnaðarmaður. Til námsráðgjafa geta nemendur og foreldrar leitað í ýmsum málum. Allt sem snertir velferð nemenda og stuðlar að vellíðan þeirra bæði í skólanum og utan hans tengist starfi námsráðgjafans. Í **vetur er námsráðgjafi skólans í fæðingarorlofi og í hennar stað er tilraunaverkefni að hafa skólafélagsráðgjafa en útvista þá þeim verkefnum sem falla ekki undir** þá starfslýsingu og hefur skólinn verði í góðri samvinnu við KVAN.

Helstu verkefni námsráðgjafa eru:

- Veita nemendum ráðgjöf um náms- og starfsval og fræða þá um nám, störf og atvinnulíf.
- Leiðbeina nemendum um vinnubrögð í námi.

- Veita nemendum ráðgjöf í einkamálum þannig að þeir eigi auðveldara að ná settum markmiðum í námi.
- Taka þátt í að skipuleggja náms- og starfsfræðslu í skólanum.
- Aðstoða nemendur við að setja sér markmið og gera sér grein fyrir eigin áhugasviðum.
- Sinna fyrirbyggjandi starfi í samstarfi við aðra starfsmenn skólans.
- Veita foreldrum ráð varðandi nám og hegðun barna þeirra.

Námsráðgjafi vinnur í nánun samstarfi við foreldra eftir því sem við á og hefur samráð við aðra sérfræðinga innan og utan skólans, kennara, sérkennara, hjúkrunarfræðing, skólasálfræðing og skólastjórnendur og vísar málum til þeirra eftir því sem við á.

### SÉRKENNSLA

Í lögum um leik- og grunnskóla er kveðið á um að skólinn skuli haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir hvers nemanda og stuðli að alhliða þroska hvers og eins. Samkvæmt lögum eiga allir nemendur rétt á námi við hæfi og sveitarfélögum er skylt að sjá öllum nemendum fyrir viðeigandi skólaumhverfi og starfsháttum.

Í *Urriðaholtsskóla* er leitast við að finna leiðir til að mæta þessu hlutverki á sem bestan hátt og gera skólagöngu barna á öllum skólastigum sem skilvirkasta.

Helstu markmið sérkennslu eru:

- að styrkja sjálfsmynd nemenda
- að nemendur fái kennslu í samræmi við þroska og stöðu hverju sinni
- að styrkja nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum
- að treysta samskipti við foreldra.

### SÁLFRÆÐIÞJÓNUSTA

Hlutverk **skólasálfræðings** er fyrst og fremst sálfræðileg greining á vanda í námi eða líðan nemanda. Sálfræðingur veitir ráðgjöf til nemenda, foreldra og starfsmanna skólans vegna náms- og/eða tilfinningavanda nemanda en sér ekki um meðferð þeirra.

Bæði starfsmenn skólans og foreldrar geta óskað aðstoðar skólasálfræðings og er eyðublað þess efnis aðgengilegt inn á vef Garðabæjar.

Skólasálfræðingur, starfar í skólanum í hlutastarfi og eftir þörfum barns. Hann situr í nemendaverndarráði skólans og hefur upplýsingaskyldu gagnvart því. Foreldrar geta einnig leitað til sálfræðings skólans á skólaskrifstofu Garðabæjar. Skólasálfræðingur Urriðaholtsskóla hefur aðsetur á Fjölskyldusviði Garðabæjar en sem stendur hefur ekki verið ráðið í það starf en í millitíðinni sér verkefnastjóri sálfræðiþjónustu á Fræðslu- og menningarsviði um mál skólans.

Skólasálfræðingur greinir foreldrum frá niðurstöðum sínum um þær greiningar sem framkvæmdar eru á fundi með umsjónarkennara/heimasvæðastjóra viðkomandi stigs. Foreldrar geta óskað eftir skriflegri greinargerð um niðurstöður skólasálfræðings.

## TALKENNSLA

Talmeinafræðingur er sérfræðingur sem stuðlar að því að snemmtæk íhlutun vegna málskilnings eða málhjóðavanda skili tilætluðum árangri. Talmeinafræðingur vinnur samkvæmt sérfræðibeiðni sem hann fær frá stoðþjónustu Urriðaholtsskóla. Talmeinafræðingur veitir ráðgjöf til nemenda, kennara og foreldra. Þá sendir hann inn beiðnir til Heilsugæslu vegna beiðna um talkennslu til Sjúkratrygginga. Foreldrar geta óskað eftir skriflegri greinargerð um niðurstöður talmeinafræðings.

## SKÓLAHEILSUGÆSLA

Heilsugæslan er á vegum Heilsugæslu Garðabæjar. Hjúkrunarfræðingur skólans er Hildur Ýr Hvanndal. Meginmarkmið skólaheilsugæslunnar er að framkvæma skimanir er snúa að velferð, vexti og þroska nemenda sem og að taka þátt í og skipuleggja fræðslu þeim til handa.

Starfsfólk skólaheilsugæslu vinnur í náninni samvinnu við foreldra/ forráðmenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem veita skólabarninu þjónustu. Starfsfólk heilsugæslunnar er bundið þagnaskyldu.

Skólahjúkrunarfræðingur eða starfsmenn skóla veita fyrstu hjálp ef slys ber að höndum. Ef barn veikist í skólanum eða meiðist alvarlega er haft samband við forráðamenn. Því er nauðsynlegt að skólinn hafi símanúmer foreldra/forráðamanna.

Skólahjúkrunarfræðingur er með viðveru **mánudag, þriðjudag, miðvikudag** og fimmtudag fyrir hádegi.

## TÚLKAÞJÓNUSTA

Þjónusta túlka er veitt og er hún á kostnað skólans. Skólinn gerir samning við túlkaþjónustu og sér um að panta þjónustuna.

## MAT Á SKÓLASTARFI OG SKÓLAPRÓUN

Mat á skólastarfi er liður í lögbundnu eftirlitsstarfi skóla og skólayfirvalda sem hefur þann tilgang að tryggja réttindi nemenda og stuðla að skólaumbótum. Í lögum nr. 90/2008 um leikskóla og lögum nr. 91/2008 um grunnskóla, 3. og 10. kafla aðalnámskrár leikskóla, 3. og 10. kafla aðalnámskrár grunnskóla og menntastefnu Garðabæjar frá 2022 er að finna ákvæði um mat á skólastarfi. Markmið mats og eftirlits er einkum þrjúþætt. Í fyrsta lagi að fylgjast með að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskráa. Í öðru lagi að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Í þriðja lagi að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.

### INNRA OG YTRA MAT

Í lögum um leik- og grunnskóla eru ákvæði um mat á skólastarfi. Þar er lögð megin áhersla á sjálfsmat skóla. Því til viðbótar ber Menntamálaráðuneytinu að sjá til þess að fram fari ytra mat á starfsemi einstaka skóla eða á ákveðnum efnisþáttum.

Ytra mat er á ábyrgð Mennta- og menningarmálaráðuneytis og eftir atvikum sveitarfélaga sem bera ábyrgð á rekstri skóla. Matið skal byggjast á fjölbreyttum gögnum og upplýsingum s.s. niðurstöðum innra mats og öðrum skriflegum gögnum frá skólum, heimsóknnum í skóla og viðtölum eftir því sem við á og athugun á kennslu. Skólanum hafa borist gögn sem höfð verða til hliðsjónar við framkvæmd á ytra mati. Matinu verða gerð skil í ársskýrslu skólaársins.

Í vetur verður unnið að innleiðingu á matskerfinu Bravo Lesson þar sem sjónum verður beint að farsæld og framsækni en innra matsteymi skólans fer fyrir þessari vinnu.

### ÁÆTLUN UM INNRA MAT TIL 2025

Gerð hefur verið áætlun um innra mat í Urriðaholtsskóla til ársins 2025 og kemur matið inn á fjögur svið. Uppeldis- og menntunarstarf, mannauð, stjórnun og skólabrag.

#### MATSPÁTTUR: UPPELDIS- OG MENNTASTARF

Endurgjöf á hegðun og nám til leikskólabarna – Tvisvar á ári

Hljóm-2 – Einu sinni á ári, oftast ef þurfa þykir

TRAS – Tvisvar á ári

EFI-2 – Einu sinni á ári

Nemenda og fjölskyldusamtöl – Tvisvar á ári hjá öllum börnum, auk samtals við skólasetningu grunnskólabarna og **uppskerusamtals við loka** skólaárs.

Skráningar á námsferlum og sjálfsmati nemenda í persónumöppur leik – og grunnskólabarna – Allan veturinn

Samræmd könnunarpróf – Á hverju ári þegar þau eru haldin (í endurskoðun)

Orðarún – Staðlað próf í október og apríl í lesskilningi fyrir grunnskólabörn **3-8.bekkur**

Lesfimi – Þrisvar á ári hjá öllum grunnskólabörnum

Meðferðatryggðamælingar í lestri – Allt skólaárið, hvert ár

Nýir matsferlar Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu í stærðfræði og íslensku, í byrjun í 4., 6., 8. og 9. bekk.

---

#### MATSPÁTTUR: MANNAUÐUR

Starfsmannasamtöl – Tvisvar á ári, október og mars

Skólapúlsinn starfsmannakönnun – Vor **2024**

Hvernig vinnufélagi er ég? Hvað kem ég með til samfélagsins? – Tvisvar á ári á starfsmannafundum

---

#### MATSPÁTTUR: STJÓRNUN

Starfsmannasamtöl – Tvisvar á ári, október og mars

Skólapúlsinn – starfsmannakönnun – Vor **2022 og 2024**

Skólabragur/staðarblær

Sýnileiki á væntingum í skólanum – Í september, ár hvert

Skólapúlsinn nemendakönnun – Á hverju ári að vori

Andinn í skólanum, rýnihópur foreldra og nær samfélags, vor **2024**

---

#### MATSTEYMI

Matsteymi er hluti af innra mati skóla. Þar fer fram fagleg ígrundun og greining á gögnum um skólastarfið þar sem mat er lagt á hversu vel tekst að ná þeim gæðum og þeim árangri sem stefnt er að út frá fyrirfram ákveðnum viðmiðum. Matið gerir skólum kleift að kynnast starfi sínu vel og að finna bestu leiðirnar til umbóta fyrir nemendur. Innra mat er samvinnuverkefni alls skólasamfélagsins og allir hagsmunahópar þurfa að koma að helstu þáttum matsferlisins, eftir því sem við á.

Skólastjóri ber ábyrgð á innra mati í sínum skóla en mikilvægt er að framkvæmd og utanumhald þess dreifist á fleiri aðila. Lagt er upp með að allir hagsmunaaðilar eigi fulltrúa í matsteymi Urriðaholtsskóla. Skólaráð Urriðaholtsskóla gegnir einnig hlutverki matsteymis en þar sitja fulltrúar starfsfólks, foreldra á báðum skólastigum og nemendur. Matsteymið rýnir skólastarfið til gagns og leggur til tillögur að innra mati þegar áætlun um innra mat er unnin.

Allt starfsfólk skólans skal með einum eða öðrum hætti koma að innra mati skólans og það skal byggja á traustum gögnum. Matið skal bæði beinast að stofnuninni sjálfri og einstaklingum innan hennar. Matinu er ætlað að stuðla að árangri og styðja við umbætur. Matskýrsla er birt árlega í ársskýrslu skólans.

**TÍMALÍNA ÁÆTLUNAR 2024-2025 VIÐFANGSEFNI LEIKSKÓLASTIGS**

Mælitæki	Markhópur	Tímasetning	Framkvæmd
<b>Endurgjöf á hegðun og nám leikskólabarna</b>	Öll heimasvæði leikskólastigs	Tvisvar á ári – grunnlína mæld og síðan mælt aftur eftir endurgjöf til starfsfólks	Sérkennslustjóri og nemandi í Hagnýtri atferlisgreiningu við Háskóla Íslands
<b>Hljóm-2</b>	Öll fimm ára börn	Október 2024, eftirfylgni í janúar og maí 2025	Sérkennari í málörvun
<b>TRAS</b>	Öll leikskólabörn	Nóvember 2024 og apríl 2025 og aukalega eftir þörfum	Deildarstjórar
<b>Hvernig gerir góður kennari? Hvernig lærum við í skólanum? Rýnihópar</b>	Þriggja og fjögurra ára börn	Vorönn 2025	Deildarstjórar taka rýnihópaviðtöl með aðstoð starfsfólks á heimasvæðum
<b>EFI-2</b>	Öll þriggja ára börn	Október 2024 fyrir börn fædd í janúar til maí. Í mars 2025 fyrir börn fædd í júní til nóvember 2021, apríl 2025 fyrir börn fædd í desember 2021.	Sérkennslustjóri og aðstoðarskólustjóri
<b>Sjálfsmat fjögurra til fimm ára barna</b>	Fjögurra og fimm ára börn	Vorönn 2025	Deildarstjórar

**VIÐFANGSEFNI BEGGJA SKÓLASTIGA**

<b>Mælitæki</b>	<b>Markhópur</b>	<b>Tímasetning</b>	<b>Framkvæmd</b>
<b>Starfsmannasamtöl</b>	Allt starfsfólk	Október og mars	Stjórnendur í október, deildarstjórar taka viðtöl á sínum svæðum í mars
<b>Skólapúlsinn – foreldrakönnun</b>	Foreldrar á öllum skólastigum	Febrúar 2025	Skólapúlsinn, er annað hvert ár
<b>Nemenda og fjölskyldusamtöl</b>	Nemendur og fjölskyldur þeirra	Október 2024, janúar eru nemendastýrð viðtöl á grunnskólastigi, mars 2025 leikskólastigi, 5 ára með nemendastýrð viðtöl undir lok skólaársins	Deildarstjórar leikskólastigs og grunnskólakennarar
<b>Skráningar á námsferlum í persónumöppur leik- og grunnskólabarna</b>	Allir nemendur	Allan veturinn	Deildarstjórar leikskólastigs og grunnskólakennarar
<b>Sýnileiki á væntingum í skólanum</b>	Skólaumhverfið	Yfir skólárið	Starfsfólk skiptist á að taka út önnur heimasvæði með matsblaði
<b>Hvernig vinnufélagi er ég, hvað legg ég til samfélagsins? Hópavinna starfsfólks á starfsmannafundum</b>	Allt starfsfólk	Október og mars árlega	Vinnufundir og gagnasöfnun frá starfsfólki um gott vinnuumhverfi.

**VIÐFANGSEFNI GRUNNSKÓLASTIGS**

<b>Orðarún</b>	3. -8. bekkur	Október og apríl (staðlað)	Lestrarkennarar
<b>Lesfimi lesferils</b>	Allir nemendur á grunnskólastigi	September, janúar og maí árlega	Lestrarkennarar
<b>Meðferðartryggðar-mælingar á kennslu í lestri</b>	Allir lestrarkennarar	Allan veturinn	Sérkennslustjóri og nemandi í Hagnýtri atferlisgreiningu við Háskóla Íslands
<b>Skólapúlsinn – nemendakönnun</b>	Allir nemendur á grunnskólastigi	Október 6. og 7. bekkur og apríl 2024	Skólapúlsinn
<b>Hvernig gerir góður kennari? Hvernig lærum við í skólanum? Rýnihópar</b>	3. og 4. bekkur	Vor 2025	Umsjónarkennarar
<b>Nýir námsferlar</b>	4., 6., 8. og 9. bekkur	Tímaás ekki tilbúinn	Umsjónar og fagkennarar í íslensku og stærðfræði

**UMBÓTATEYMI**

Í Urriðaholtsskóla er starfandi umbótateymi. Það leiðir vinnu við umbætur á þeim þáttum sem skýrsla um innra mat hefur leitt í ljós að þarfnist úrbóta. Áherslur skólans í innra mati og umbótaverkefni í kjölfar þess birtast í mats- og umbótaáætlun skólans sem kynnt er í starfsáætlun. Umbótateymið er skipað skólastjórnendum, sérkennslustjóra, skrifstofustjóra, fulltrúum af báðum skólastigum sem og frístundar.

**ÚRBÓTAÁÆTLUN 2022-2024 – ENN Í GANGI**

Niðurstöður innra mats á skólaárinu 2020-2021 sem lesa má um í ársskýrslu skólaársins á heimasíðu skólans vörpuðu ljósi á þætti sem þarfnast úrbóta. Þeir eru teknir saman í eftirfarandi úrbótaáætlun:

Verkefni	Markmið:	Leiðir	Ábyrgð	Staða okt
<b>Foreldrar kalla eftir meiri samskiptum</b>	Byggja upp leiðir til samskipta við foreldra	Nýta Völu og Mentor betur	Heimasvæði á báðum skólastigum	Búið að innleiða notkun á Völu – Mentor sem samskiptaleið á grunnskólastigi.

		Birta meira af myndum af starfinu	Heimasvæði á báðum skólastigum	Búið að innleiða Völu á leikskólastigi Mentor sem samskiptaleið á grunnskólastigi.
		Birta fleiri fréttir af starfinu	Heimasvæði á báðum skólastigum Skrifstofustjóri er ritstjóri heimasíðu	Komið í farveg, fréttir má nálgast á heimasíðu skólans en þörf á nýrri heimasíðu
		Að mæta börnum og foreldrum í fataklefa (leikskólastig)	Heimasvæði leikskólastigs	Í farvegi með batnandi ástandi vegna heimsfaraldurs. Þá hefur stytting vinnuvikunnar áhrif á viðveru starfsmanna í forstofum við upphaf og lok dags.
		Upplýsa um svefn og mat (leikskólastig)	Heimasvæði leikskólastigs	Í farvegi
		Þjóða foreldrum aftur inn í skólann	Viðburðir á vegum skólans	Í farvegi
		Kalla eftir aðkomu foreldra og hugmyndum um samstarf, til dæmis með lýðræðisfundum	Skólastjórnendur	Verður tekið fyrir á haustfundum með foreldrum sem og á skólaráðsfundi. Bæði í október.
<b>Matur og aðstaða fyrir nesti</b>	Í farvegi		Bygginganefnd	Í farvegi, nýtt móttökueldhús tekið í notkun við hátíðarsal í október 2024
<b>Íþróttahús og sundlaug</b>	Framkvæmdir hafnar og verklok áætluð vor 2026	Bæjarstjórn	Bæjarstjórn	Heyrir undir bæjarstjórn
<b>Skjólveggir</b>	Ekki til staðar í þessum áfanga byggingar	Rýnifundir með bygginganefnd vegna næsta áfanga	Bygginganefnd	Komið á áætlun næsta byggingaráfanga sem áætlað er að hefjast á vormánuðum.
<b>Meiri list- og verkgreinar</b>	Sérhæfðar kennslustofu og komnar í notkun	Birta frekari fréttir af list- og verkgreinakennslu	List- og verkgreinakennarar í samstarfi við ritstjóra heimasíðu	List- og verkgreinum hefur verið fjölgað og verða foreldrar hvattir til að fylgjast með

				fréttum á heimasíðu. Kynnt á haustfundum.
<b>Rusl á útisvæði, til dæmis tengt nýbyggingum</b>	Hreinsa til í kringum skóla	Virkja nemendur, starfsfólk og nágbranna til að hreinsa til umhverfis skólann og fá áhaldahús til aðstoðar.	Allir	Haustþríf á dagskrá í október og vorþríf í apríl. Átak skólasamfélagsins alls.
<b>Betra eftirlit á útisvæði</b>	Auka vellíðan barna á útisvæðum skólans	Tryggja að væntingar til starfsfólks á útisvæði séu skýrar og í virkni	Skólastjórnendur, heimasvæðisstjórar og aðrir kennarar sem taka útivaktir	Búið að innleiða væntingar á útisvæði og tryggja gæslu á öllum leiksvæðum.
<b>Vellíðan barna í skólanum</b>	Viðhalda og/eða auka vellíðan barna í skólanum	Lýðræðisfundir og verkefni með börnum til að greina hvað vekur vellíðan í skólanum og hvernig getum við sem skólasamfélag aukið hana?	Umsjónarkennarar og heimasvæðisstjórar	Kynjafræðsla og kynfræðsla hefur verið augin með áherslu á mörk. Vináttu og samskiptabjálfun aukin með Vináttuverkefni og KVAN og forvarnarviku um samskipti.
<b>Jákvæð endurgjöf til barna</b>	Að auka jákvæða endurgjöf á nám og hegðun barna	Upplýsa starfsfólk um endurgjöf til barna og þau áhrif sem jákvæð endurgjöf hefur á hegðun og nám	Heimasvæðisstjórar leikskólastigs og kennarar á grunnskólastigi	Væntingar sýnilegri og starfsfólk orðið meðvitað um að beina sjónum að æskilegri hegðun.
<b>Væntingar til nemenda og starfsfólks</b>	Að koma væntingum enn frekar inn í starf skólans  Samhæfa væntingar á milli heimasvæða barna	Ljúka vinnu við <b>væntingarbækur</b> , til að mynda grunnskólakennara og heimasvæðisstjóra og innleiða þær á báðum skólastigum	Skólastjórnendur í samstarfi við aðra starfsmenn. Í farvegi	Vinna í farvegi og áætlað að henni ljúki í nóvember 2021. Allir nýir starfsmenn fá kynningu á væntingabók og vinnu með væntingar með börnum.
		Gera væntingar til barna sýnilegar á öllum almennum svæðum og í kennslurýmum og leikherbergjum	Heimasvæðisstjórar og grunnskólakennarar  Aðstoðarskóla-stjórar ásamt sérkennslustjóra styðja við og gefa endurgjöf.	Komið í farveg á báðum skólastigum og verður sú vinna rýnd á öllum heimasvæðum í október og janúar.

## PRÓUNARSTARF OG SÍMENNTUN

Í Urriðaholtsskóla er verið að móta og byggja upp skólasamfélag. Innleiðing skólanámskrár Urriðaholtsskóla, teymiskennslu og teymisvinnu eru lykilþættir í starfi skólans. Þá er unnið að frekari innrömmun á námsmati á báðum skólastigum. Þessi vinna felur í sér mikla teymisvinnu og samráð allra er að starfinu koma. Handbók um væntingar hefur verið unnin fyrir starfsfólk leikskólastigs og frístundar en er í vinnslu fyrir kennara á grunnskólastigi sem og deildarstjóra.

## LANGTÍMA STARFS- OG SKÓLAPRÓUN

Urriðaholtsskóli hefur markað sér þá stefnu að styðjast við gagnreyndar aðferðir, snemmtæka íhlutun, einstaklingsmiðun, opinn efnivið og áherslu á leik og hreyfingu. Starfsmenn eru hvattir til að nýta styrkleika sína til frekari fagmennsku. Hver starfsmaður ígrundar sína starfsþróunaráætlun og leggur fyrir skólastjórnendur í starfsmannaviðtali. Að vori skila leik- og grunnskólakennarar inn yfirliti yfir sína endurmenntun og væntingar til hennar. Mikilvægt er að veita starfsfólki góðan stuðning til símenntunar og má skipta henni í tvo meginþætti: Þætti sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þætti sem starfsfólk metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig. Hafa skal í huga að skólinn er að innleiða nýja kennsluhætti og eru eftirtalin verkefni m.a. höfð að leiðarljósi. Lesa má meira um verkefni og áherslur skólans í skólanámskrá á vef.

- K-PALS – innleiðing fyrir elstu nemendur leikskólans, en K-PALS er kennsluáætlun í hljóðkerfisvitund og undanfari lestrarnáms í Urriðaholtsskóla.
- Vináttuverkefni Barnaheilla – Blær. Verkefnið byggist á nýjustu rannsóknum á einelti og ákveðinni hugmyndafræði og gildum sem mikilvægt er að samtvinnu við uppbyggingu á góðum skólabrag. Lykilhugtök eru umburðarlyndi, virðing, umhyggja og hugrekki.
- Innleiðing á stýrðum fyrirmælum og fimipjálfun í Urriðaholtsskóla – handleiðsla grunnskólakennara. Ávinningur verkefnisins er að auka þekkingu kennara á raunprófuðum kennsluáætlunum sem rannsóknir hafa sýnt að skila bestum árangri.
- Deildarstjórar leikskólastigs séu með réttindi í TRAS – skráning á málþroska ungra barna.
- ART – Aggression Replacement Training er uppeldisfræðilegt þjálfunarmódel sem byggir upp félagsfærni, sjálfstjórn og siðferði.
- YAP - Young Athletes Program - Alþjóðlegt verkefni á vegum Special Olympics samtakanna, en markmiðið með YAP er að stuðla að markvissri hreyfipjálfun barna á aldrinum 2 til 7 ára.
- KVAN - Þjálfun í félags-, samskipta, leiðtoga- og vináttufærni.
- PECS (The Picture Exchange Communication System) er myndrænt boðskiptakerfi sem aðallega hefur verið notað með börnum með einhverfurófsröskun, sem hafa takmarkaða eða enga boðskiptafærni og búa ekki yfir færni til að nota talmál til að tjá sig.

Gerði athugasemd [PHJ1]: Er hún ekki orðin til? ☹️

Gerði athugasemd [PAA2R1]: Þú ert að klukka deildarstjóra grunnskólastigs að rýna þetta

Gerði athugasemd [PHJ3]: ?

Gerði athugasemd [PAA4R3]: Uppfærði aðeins, var spurning fyrir starfsþróunarsamtal að vori, þarf að ramma enn frekar inn

- Aðgreindar kennsluæfingar (discreet trials) eru notaðar til þess að kenna nýja eða flókna færni sem krefst mikillar athygli frá barni. Sú færni sem á að kenna t.d. leikur, er brotin niður í lítil skref, sem eru kennd á kerfisbundinn hátt og tengd saman í flóknari athafnir.

#### STAÐA SKÓLAPRÓUNAR OG FRAMHALDIÐ

Innleiðing á stýrðri kennslu og fimipjálfun í íslensku og stærðfræði heldur áfram og er Urriðaholtsskóli í formlegu samstarfi við skólasamfélagið Morningside í Seattle, fulltrúar þeirra munu vera með þrjár vinnusmiðju. Taka út starfshætti og styðja við frekari færni í þeim kennsluháttum sem verið er að innleiða

Skólasamfélag sem er í þróun og mótun þarf að vinna að sameiginlegum þáttum sem styðja við og efla samfélagið. Innleiðing skólanámskrár Urriðaholtsskóla, teymiskennslu og teymisvinnu eru áfram lykilmætir í starfi vetrarins. Þá er unnið að frekari innrömmun á námsmati á báðum skólastigum. Þessi vinna felur í sér mikla teymisvinnu og samráð allra er að starfinu koma. Innleiðing Væntingarbókar í öllu skólastarfi heldur áfram þróast og styður við jákvæðan skólabrag og vellíðan nemenda og starfsfólks.

Námskeið og fræðsla á vegum skólans haustönn, dagskrá vorannar í mótun.

Tímasetning	Þátttakendur	Verkefni	Leiðbeinandi/ráðgjafi
Allt árið	Nýtt starfsfólk	Væntingabók	Aðstoðarskólastjórar
Ágúst og september	Leik- og grunnskólakennarar	Ég sem starfsmaður	Stjórnendur á starfsdegi
Ágúst	Starfsfólk frístundar	Aðferðir til að fyrirbyggja erfiða hegðun og viðbrögð við erfiðri hegðun	Sérkennslustjóri og aðstoðarskólastjóri grunnskólastigs
Ágúst	Grunnskólakennarar	Grunnur að DI og fimipjálfun	Sérkennslustjóri og aðstoðarskólastjóri grunnskólastigs
September	Atferlisþjálfar	Aðgreindar kennsluæfingar	Deildarstjóri stoðþjónustu
September	Nemendaverndarráð	Örnámskeið um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum	KVAN
September - Nóvember	Starfsfólk grunnskóla og frístundar	Kvan verkfærakistan	KVAN
Október	Leikskólastig	Vinum með gildi skólans	Stjórnendur
Október	Grunnskólakennarar	Morningside – Unnið með fimi og Di kennslu í íslensku og	Andrew Kiet og sérfræðingur á hans vegum

		stærðfræði og nemendastjórn	
<b>Nóvember og Mars</b>	Allt starfsfólk skólans	Jákvæður skólabragur – hlutverk starfsfólks og styrking í starfi	Skólastjórnendur – vinna í teyllum
<b>Nóvember</b>	Skólastjórnendur	Staða innleiðingar á gagnreyndum kennsluaðferðum í stærðfræði, ráðgjöf	Andrew Kieta
<b>Nóvember</b>	Allt starfsfólk skólans	Skýndihjálp	Guðmundur Ingi Guðmundsson

**ÁÆTLANIR UM ÖRYGGI OG VELFERÐ**

Eftirfarandi áætlanir er að finna á heimasíðu skólans undir skólinn/áætlanir og skýrslur. Áætlanir eru endurskoðaðar með reglubundnum hætti eins og segir hér a neðan:

Áætlun	Endurskoðuð	Æfingar eða frekari vinna
Rýmingaráætlun	Nóvember 2024	Undirbúningsæfing starfsfólks á starfsmannafundi í nóvember. Æfing með nemendum í nóvember, febrúar og apríl en verið er að vinna nýja áætlun út frá stækkun skólans
Samskiptasáttmáli grunnskóla Garðabæjar	Kynning og fræðsla til foreldra og starfsfólks	
Áfallaáætlun	Október 2024	
Starfsáætlanir	Árlega	
Áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað	September 2024	
Jafnréttisáætlun Urriðaholtsskóla starfsfólk	Janúar 2025	Endurskoðuð janúar 2025
Jafnréttisáætlun Urriðaholtsskóla nemendur		Nefnd skipuð nemendum og starfsfólki, drög unnin skólaárið 2024-25, unnið áfram á skólaárinu.

**Gerði athugasemd [PHJ5]:** Þurfum að skoða þetta, hefur nokkurn tímann verið æfing? Þarf að hafa æfingu því við erum ekki að fara út?

## UPPBYGGING

Þegar þessi starfsáætlun er unnin eru framkvæmdir hafnar við loka áfanga skólans, íþróttaaðstöðu, kennslulaug og stoðþjónustu. Uppbygging af þessu tagi tekur á og er krefjandi fyrir sístækkandi nemenda- og starfsmannasamfélag. Mikilvægt er að undirbúningsvinna fyrir verkefnið sé vönduð og að hugað verði að öryggismálum í hvívetna. Skólastarfið hefur alltaf verið í samvinnu við framkvæmdir og framkvæmdaraðila og samvinna þarf að var góða á milli ólíkra aðila.



Börnum fjölgar hratt í Urriðaholti og mikilvægt að uppbygging skólans, bæði húsnæðis og skólastarfs, haldi áfram að stækka og eflast. Í vetur njótum við þess að vera með góða aðstöðu fyrir list- og verkgreinar, góða félagsmiðstöð og nú styttest í að varanleg aðstaða fyrir móttöku eldhúss og matsal verði tilbúin.

Skólasamfélag Urriðaholtsskóla er öflugt samfélag, þar ríkir jákvæðni, hreinskiptni og samstaða og ávallt er leitað lausna á þeim verkefnum sem upp koma. Það er því trú undirritaðra að sú áætlun sem hér er lögð fram muni leggja grunn að góðu skólastarfi og áframhaldandi uppbyggingu á góðum vinnustað með vellíðan nemenda og starfsfólks í forgrunni. Áætlunin varðar leiðina og heldur utan um starfið í sístækkandi samfélagi.

Garðabæ 28. september 2024

Þorgerður Anna Arnardóttir skólastjóri

Þórey Huld Jónsdóttir aðstoðarskólastjóri leikskólastigs

Una Guðrún Einarsdóttir aðstoðarskólastjóri grunnskólastigs

Guðbjörg Vilhjálmisdóttir deildarstjóri stoðþjónustu